

Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Samráðsgátt, mál nr. S-129/2020

Reykjavík, 9. júlí 2020

Umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða um áform um frumvarp til laga um verðbréfasjóði


Upplýst hefur verið í Samráðsgátt stjórnvalda að áform séu um að leggja fram frumvarp til nýrra heildarlaga um verðbréfasjóði. Fram kemur að um verði að ræða heildarendurskoðun á löggjöfinni og að breyta eigi að einhverju leyti hugtakanotkun.

Vegna þessarar vinnu sem framundan er vilja ***Landssamtök lífeyrissjóða minna á mikilvægi þess að hugað verði samhlíða að hugtakanotkun sem fyrir er í lögum og reglum er taka til fjárfestingarumhverfis lífeyrissjóða***, einkum ákvæða í VII. kafla laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 svo og stjórnvaldsfyrirmæla sem sett eru með stoð í þeim lögum. Í því samhengi væri jafnframt hægt að horfa til samræmingar á hugtakanotkun við nýlega samþykkt lög um rekstaraðila sérhæfðra sjóða nr. 45/2020.

Fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða byggja á hugtakanotkun sem nú er að einhverju leyti í endurskoðun og er mikilvægt að ákvæði er að sviðinu snúa verði endurskoðuð að sama skapi í lögum nr. 129/1997 í því skyni að tryggja samræmi og skýrleika varðandi fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða.

Virðingarfyllst,

f.h. Landssamtaka lífeyrissjóða


Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri